

## 24. gr.

Til breytingar á fundarsköpum þessum þarf umræður á tveim fundum hreppsnefndar, meiri hluta greiddra atkvæða og staðfestingu ráðherra.

Fundarsköp þessi, sem samin eru og samþykkt af hreppsnefnd Eskifjarðarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 58 29. marz 1961, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 25. október 1963.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

22. október

Nr. 186.

**Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir björgunar- og hjálparsjóð Dýraverndunarfélags Skagafjarðar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 22. október 1963.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir björgunar- og hjálparsjóð Dýraverndunarfélags Skagafjarðar,  
skammstafað D.v.s.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir björgunar- og hjálparsjóður D.v.s., og nær umdæmi hans yfir Skagafjarðarsýslu og Sauðárkrókskaupstað, og er félagið eigandi hans.

### 2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita aðstoð, þegar bjarga skal dýrum frá bráðum voða eða slysum og skal stjórn sjóðsins ákveða og meta hverju sinni, hve brýn nauðsyn þykir til hjálpar og fjárstyrks í þessu skyni.

### 3. gr.

Sjóðurinn er myndaður af fjárframlögum frá einstaklingum, eða opinberum aðilum, sem styrkja vilja málstað og tilgang sjóðsins. Stofnfé sjóðsins frá þessum aðilum er nú að upphæð kr. 3000.00 — þrjú þúsund krónur.

### 4. gr.

Dýraverndunarfélag Skagafjarðar skal árlega leggja í sjóðinn 25% af árstekjum sínum.

Aðrar tekjur sjóðsins eru framlög frá öðrum aðilum, og vaxtatekjur.

### 5. gr.

Eigi skal veita fé úr sjóðnum fyrr en hann er orðinn að upphæð kr. 25000.00 — tuttugu og fimm þúsund krónur —. Aldrei má skerða höfuðstól hans. Þegar veita skal fé úr honum, má það ár hvert nema árlegum vöxtum hans, en að auki þeim

fjárframlögum, sem kunna að berast sjóðnum það ár, sem þau eru látin af hendi, og telst sjóðurinn hafa ráðstöfunarrétt á þeim á því ári.

## 6. gr.

Sjóðurinn skal geymdur á banka, í sparisjóði, eða innlánsdeild samvinnufélaga, og ávaxtast þar sem annað innlánsfé.

## 7. gr.

Stjórn Dýraverndunarfélags Skagafjarðar skal jafnframt vera stjórn sjóðsins og ákveður fjárveitingar hverju sinni, og ber ábyrgð á honum.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Stjórnin skal árlega gera reikninga sjóðsins fyrir liðið almanaksár, svo tímanlega, að endurskoðun þeirra sé lokið fyrir aðalfund Dýraverndunarfélags Skagafjarðar.

Aðalfundur úrskurðar reikningana. Endurskoðendur skulu vera þeir sömu og endurskoðendur reikninga félagsins.

## 8. gr.

Leggi D.v.s. niður starfsemi sína, óskast stjóðurinn varðveittur af sýslunefnd Skagafjarðarsýslu, en yrði sýslunefndin ekki við þeim óskum, þá af sambandi Dýraverndunarfélaga Íslands, þar til félag með sama tilgangi og starfssviði ris aftur upp á félagssvæði stofnanda sjóðsins, og veitir honum viðtöku á ný, til fullra umræða.

Hafi hins vegar ekki risið upp félag með sama tilgangi í Skagafjarðarsýslu eða Sauðárkrókskaupstað innan 25 ára, skal stjóðurinn renna óskertur til Sambands Dýraverndunarfélaga Íslands til fullrar eignar.

Sauðárkróki, 29. marz 1962.

Í skipulagsskrárnefnd.

Ingimar Bogason.

Árni Hansen.

Jón Magnússon.

## REGLUGERÐ

### um skoðunargjald bifreiða.

## 1. gr.

Fyrir skoðun bifreiðar eða bifhjóls ber eiganda að greiða 140 króna árlegt gjald til lögreglustjóra, þar sem bifreiðin eða bifhjólið er skrásett. Gjald þetta greiðist í sama gjalddaga og miðast við sama gjaldár sem bifreiðaskatturinn. Gjald það, sem fellur í gjalddaga 1. janúar 1964, innheimtist með framangreindri gjaldhæð.

Hafi bifreið eða bifhljól aðeins verið skrásett hluta úr gjaldárinu, þá skal gjaldið þeim mun lægra, að það verði 35 krónur fyrir hvern ársfjórðung eða hluta úr ársfjórðungi.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt umferðarlögum nr. 26 2. maí 1958, öðlast gildi þegar í stað. Er jafnframt úr gildi felld reglugerð nr. 202 8. sept. 1950, um skoðunargjald bifreiða og prófgjald bifreiðarstjóra, með áorðnum breytingum.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 21. október 1963.

Bjarni Benediktsson.

Baldur Möller.